

**Sp.**

**86. Tillaga til þingsályktunar**

[63. mál]

um íslenska óperu.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason,  
Gunnar Thoroddsen, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðnir verði að Þjóðleikhúsinu 5—10 einsöngvarar og að þar verði síðan fluttir 3—4 söngleikar á hverju leikári.

**Greinargerð.**

Á síðustu áratugum — og þó mest á síðustu árum — hafa allmargir Íslendingar ráðizt til söngnáms og búið sig undir að gerast söngvarar að atvinnu. Til skamms tíma hefur þó vegna skorts á verkefnum verið nær ógerlegt fyrir þá að dveljast hér á landi að námi loknu og stunda list sína. Mikil vakning hefur að sönnu verið í íslensku hljómlistarlífi á síðasta aldarfjórðungi, áhugi manna og skilningur á gildi góðrar tónlistar hefur aukizt að mun, og söngvarar okkar hafa notið þar nokkurs góðs af. Þess vegna hafa allmargir þeirra sett að hér heima, en reynslan hefur sýnt, að þeir hafa ekki notið sín sem skyldi. Þeir hafa orðið að taka að sér lýjandi, en lítt þroskavænleg verkefni, en átt þess of lítinn kost að reyna sig við hin meiri verk söngbókmenntanna. Hefur þó merkum áfanga verið náð með söngleikaflutningi Þjóðleikhússins og annarra aðila.

Íslendingar eiga nú álitlegum hópi einsöngvara á að skipa, hvort sem lítið er á stærð hans eða hæfni. Ætla má, að ýmsa þeirra, er ytra dveljast, fýsi heim, ef að einhverju er að hverfa. Vafalaust mætti auðveldlega koma upp 5—10 manna flokki góðra söngvara, en fyrir slíkan hóp er gnægð verkefna meðal hinna beztu söngleika.

Á það má og benda, að hér eru þegar starfandi ágætir kórar, m. a. í sambandi við Þjóðleikhúsið. Sinfóníuhljómsveit Íslands er nú væntanlega svo á legg komin, að framtíð hennar verður tryggð með einhverjum hætti. Með tíðari söngleikaflutningi fengju hljóðfæraleikarar hennar aukin verkefni, og ætti það að efla hag hljómsveitarinnar. Loks virðist ekki ástæða til að óttast, að skortur verði á hæfum mönnum til að annast söng- og leikstjórn. Verður því að telja, að frá listrænu sjónarmiði séu skilyrði fyrir hendi til að auka flutning söngleika og koma þar á svo föstu skipulagi, að með sanni megi tala um íslenska óperu.

Í lögum um Þjóðleikhús, nr. 86/1947, segir m. a. í 2. gr.: „... Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að: 1. flytja íslenska og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því, sem við verður komið ...“ Til að koma upp þeirri starfsemi, sem tillaga þessi fjallar um, þarf ekki að gera breytingu á Þjóðleikhússlögunum. Því hefur sá kostur verið tekinn að flytja þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir framgangi málsins.

Ekki verður séð, að annar aðili en Þjóðleikhúsið sé líklegri eða heppilegri til að annast þá starfsemi, sem hér um ræðir. Leikhúsið hefur unnið að þessum málum, síðan það tók til starfa. Á það má og benda, að það þarf oft á söngfólki að halda, þótt ekki sé um söngleikasýningar að ræða. Þeir söngleikar, sem Þjóðleikhúsið hefur sýnt til þessa, hafa verið vel sóttir og sízt ofþyngt fjárhag þess. Er því þess að vænta, að íslensk ópera yrði Þjóðleikhúsinu til styrktar, almenningi til ánægju og íslenskri tón- og leikmennt til eflingar.